

STF-2018-03 Frá Kötlugosi til fullveldis

Markmið: Markmið verkefnisins er að skrá sögur fólks af Kötlugosinu 1918 og fagna Fullveldinu sem var vonarstjarnan í öskunni. Í Skaftárhreppi hafa eldgos sett svip sinn á líf og starf alla tíð. Til eru margar sögur af lífi fólksins í Kötlugosinu 1918, sögur sem fólk segir en eru fæstar skráðar niður. Markmiðið er að safna sögunum og varðveita þær og var ákveðið að taka þær upp á myndbönd í stað þessa að skrifa texta. Markmiðið er líka að fá sem flesta til að vinna saman að einu verkefni, nýta þann mannauð sem hér býr og bæta tækniþekkingu sem flestra. Myndböndin verða birt á vefsíðu og gerð stuttmynd til sýningar.

Lýsing: Verkefnið felst í því að safna sögum um Kötlugosið 1918. Margir íbúar í Skaftárhreppi kunna sögur af gosinu. Sögurnar heyrðu þau í uppveitinum og kunna þær mjög vel. Þeir sem vilja segja sögur koma í viðtal sem verður tekið upp á myndband og þannig söfnum við sögum sem aðeins eru til í munnum í dag. Haldnar verða tvær vinnustofur þar sem öllum er boðið að koma og læra að taka upp viðtöl og vinna þau á t.d. Movie Maker myndvinnsluforriti. Nýlega gaf íbúi í Skaftárhreppi fullkomna myndbandsupptökuvél sem verður notuð við upptökurnar ásamt öðrum upptökutækjum. Á Fullveldishátíðinni verði minnst Kötlugossins 1918 og þakkað að enginn fórst í þeim miklu náttúruhamförum og á sama tíma að fagnað Fullveldinu sem lýsti sem vonarstjarna því fólki sem barðist við öskuna og aðrar afleiðingar gossins. Á hátíðinni verði líka myndlist, tónlist og fleira sem íbúar vilja leggja fram. Reynt verður að ná til sem flestra íbúa til að taka þátt í verkefninu. Sérstaklega hefur verið nefnt að það þurfi að leita til fólks af erlendum uppruna sem hér býr og starfar. Þar leynast mjög líklega einhverjir sem kunna kvikmyndagerð, vefsíðugerð, eru tónlistarmenn, myndlistarmenn eða hafa annað fram að færa.

Verkefninu var úthlutað kr. 1.000.000.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.